



Ársskýrsla 2002
Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit.

Inngangur.....	bls. 1
Framkvæmdir.....	bls. 2
Kostnaður.....	bls. 7
Starfsmenn og ferðir.....	bls. 7
Fræðslumál.....	bls. 8
Útgáfa.....	bls. 8
Ráðstefnur og fundir.....	bls. 9
Samstarf við stofnanir.....	bls.10
Rannsóknir.....	bls.10
Stjórn Skjólaskóga.....	bls.11
Ársreikningur.....	bls.12

Töflur:

Tafla I - Stærðir samningssvæða í ha.....	bls. 3
Tafla II - Fjöldi plantna og græðlinga.....	bls. 4
Tafla III - Tegundaskipting.....	bls. 5
Tafla IV - Framleiðendur skógarplantna.....	bls. 6
Tafla V - Akstur og ferðalög starfsmanna.....	bls. 7

Kort:

Kort I – Svæðisskipting og samningsjarðir.....	bls. 3
--	--------

Kökurit:

Kökurit I - Skipting lands eftir ræktunarmarkmiðum.....	bls. 2
Kökurit II - Hlutfallstærðir samningslands eftir landsvæðum.	bls. 4
Kökurit III - Fjöldi jarða eftir svæðum, %.....	bls. 4
Kökurit IV - Hlutfall trjátegunda.....	bls. 5

Inngangur.

Árið 2002 er þriðja starfsár Skjólaskóga á Vestfjörðum og átti samkvæmt upphaflegri áætlun að marka nokkur þáttaskil sem það ár sem flesta jarðir yrðu tekna inn í verkefnið og starfsemi færi að taka á sig mynd rekstrar þar sem framkvæmdir væru í takt við fastan kostnað og yfirbyggingu. Á árinu 2000 var fjárveiting til Skjólaskóga 17 milljónir og 30 milljónir árið 2001.

Þegar fjárlög fyrir árið 2002 voru samþykkt á Alþingi í desember 2001 kom í ljós að ekki var staðið við uppþrepun landshlutabundinna skógræktarverkefna (LHV) eins og gert hafði verið ráð fyrir í áætlun landbúnaðarráðuneytis frá 1999.

Í fyrrnefndri áætlun var gert ráð fyrir fjárveitingu til Skjólaskóga 2002 að upphæð kr. 45 milljónum, en varð í þess stað sú sama og árið 2001, 30 milljónir.

Allar framkvæmdir og rekstur verkefnisins þetta árið tóku mið af þessu og varð eðlilega að falla frá áætlunum um aukna starfsemi og inntöku nýja aðila umfram þá sem komnir voru á lokastig undirbúnings og verið hvattir af Skjólaskógum til að leggja í töluverðan kostnað sem endurgreiddist á árinu.

Á útmánuðum tókst skógræktarverkefnunum í sameiningu að fá fram nokkra hækkun í fjárukalögum 2002 og í hlut Skjólaskóga kom 2,3 milljónir, og var þá heildar framlag til Skjólaskóga orðið 32,3 milljónir, en eftir stóð að skuldbindingar voru 3-4 milljónum umfram fjárveitingu. Þess ber að geta að verðhækkningar milli ára voru óvenju miklar og dugði aukafjárveitingin ekki til að vega þær upp.

Við þessu var brugðist með því að skera niður kostnað sem mest mátti, en ekki var þó komist hjá því að auka verulega gróðursetningar þar sem í gildi voru bindandi samningar um plöntukaup en þetta þýddi aukna gróðursetningu á samningsjörðum. Nánast engar nýframkvæmdir voru í skjólbeltum en lokið við undirbúin belti frá árinu áður samtals 22 km.

Þrátt fyrir þetta tókst að sigla gegnum árið án þess að fara langt fram úr fjárveitingum, en ljóst er að alvarlegur afturkyppur kom í verkefnið hvað varðar væntingar umsækjenda, en í raun færðust þeir allflestir aftur um a.m.k. eitt ár.

Það hefur mikil vinna farið í að koma þeirri staðreynd á framfæri við fjárveitingarvaldið að verkefnin geta á engan hátt búið við að vita ekki fyrr en um miðjan desember ár hvert, hvaða upphæðir verða til ráðstöfunar árið eftir. Eðli málsins samkvæmt þurfa verkefnin að undirbúa framkvæmdir mörg ár fram í tímann einkum hvað varðar framleiðslu á skógarplöntum sem tekur 2-3 ár.

Fjölmarginir aðilar hafa lagst á sveif með okkur í þessu máli og held ég að á engan sé hallað með því að þakka þingmönnum okkar og hagsmunafélögum skógarbænda fyrir dyggan stuðning og vinnu við að ná fram einhverskonar langtíma fjárhagsramma.

Þrátt fyrir þetta held ég að starf Skjólaskóga sé í góðum gangi og hefur verið einkar ánægjulegt að eiga þátt í samstarfi við alla þá aðila sem málið varðar.

2. apríl 2003.


Framkvæmdir:

Á árinu voru gerðir samningar við landeigendur á 5 lögbýlum: Hest í Súðavíkurbreyti, Húsavík og Kollafjarðarnes í Kirkjubólshreyti (nú Hólmanavíkurbreyti), Lambadal í Dýrafirði og Mávatún í Reykhólahreyti.

Á Kollafjarðarnesi var gerður samningur um skjólbeltakerfi á túnnum, Húsavík gerði sömuleiðis samning um skjólbeltakerfi auk skógræktar á sama svæði, en aðrar jarðir eru fyrst og fremst að semja um skógrækt, bæði til timburnytja og beitar í framtíðinni.

Við árslok 2002 hafa verið gerðir samningar á 26 jörðum og er samningssvæðið alls 1.149 ha (Tafla I.). Þar af eru skógræktarlönd 969 ha, en skjólbeltakerfi á 180 ha af ræktuðum túnnum.

Kökurit I. Skipting samningslands með tilliti til ræktunarmarkmiða.



Á tveim jörðum: Alviðru í Dýrafirði og Neðri Breiðadal í Öfundarfirði er framkvæmdum í fyrsta áfanga lokið og bíða þær jarðir úttektar á árinu 2003-2004, áður en frekari framkvæmdir s.s. íbætur eru ákveðnar. Þessar tvær jarðir komu inn í framkvæmdir á árunum 1998-9 í gamla Skjólaskóga verkefninu.

Að lang mestu leyti eru skógræktarlönd móar og melar með betri ræktarsvæðum inn á milli, en í einu tilfelli (Kvígindisfell í Tálknafirði) eru gömul tún tekin undir skógrækt.

Tafla I. Stærðir samningssvæða í ha.

Jörð:	Staðsetn.	samn.sv. ha	Jörð:	Staðsetn.	samn.sv. ha
Alviðra	Dýrafirði	10	Ketilseyri	Dýrafirði	34,6
Borg	Arnafirði	33,7	Kirkjuból Valþ.dal.	Önundarfirði	10
Breiðilækur	Barðaströnd	10	Kollafjarðarnes	Hólmavíkurrh.	16,5
Fell	Dýrafirði	25	Kvigindisfell	Tálknafirði	70,3
Fremri Hjarðard.	Dýrafirði	13,9	Lambadalur	Dýrafirði	30
Gileyri	Tálknafirði	24,4	Litli Laugadalur	Tálknafirði	43
Hagi	Barðaströnd	21	Mávatún	Reykhólasveit	27
Hestur	Súðavíkurrh.	64,8	Miðjanes	Reykhólasveit	13,6
Hóll	Önundarfirði	31,6	Mýratunga II	Reykhólasveit	24
Húsavík	Hólmavíkurrh.	30	Neðri Breiðad.	Önundarfirði	27,9
Höfðadalur	Tálknafirði	27,8	Seftjörn	Barðaströnd	30
Höfði	Dýrafirði	400	Skálanes	Reykhólasveit	20
Ingunnarstaðir	Reykhólasveit	48	Tröð	Önundarfirði	61,6
				Samtals:	1.149 ha.


Þessar jarðir skiptast þannig með tilliti til búsetu samningsaðila:

Jörð þar sem framkvæmdaraðili á lögheimili á jörðinni:.....21 jörð, (81 %)

Jörð þar sem framkvæmdaraðili á lögheimili á Vestfjörðum:..... 4 jarðir, (15 %)

Jörð þar sem framkvæmdaraðili á lögheimili í öðrum landshluta:.. 1 jörð, (4 %)

Kort I Svæðisskipting og samningsjarðir.




Á kortinu hér til hliðar má sjá staðsetningu jarða sem eru með samning við Skjólaskóga.

Enn eru fáar jarðir á austursvæði en gert er ráð fyrir að aðal áhersla verði lögð á fjölgun samningsjarða á Austur- og Suður svæðum árið 2003.

Svæðisstjóri með aðsetur á Hólmavík sér um Austur- og Suðursvæði,

en svæðisstjóri með aðsetur á Þingeyri sér um Norður- og Vestursvæði.



Alls voru gróðursettar 249.020 skógarplöntur árið 2002 auk 43.428 græðlinga af ýmsum tegundum í skjólbelti.

Tafla II. Plöntur og græðlingar 2002

Jörð:	Staðsetn.	Plöntur:	Græðlingar:
Borg	Arnarfirði	15.220	1.060
Breiðilækur	Barðaströnd	6.610	600
Fell	Dýrafirði	15.765	1.000
Fremri Hjarðard.	Dýrafirði	1.400	
Gileyri	Tálknafirði	8.280	
Hagi	Barðaströnd	8.500	8.300
Hestur	Súðavíkurhr.	5.185	
Hóll	Önundarfirði	5.000	
Húsavík	Hól mavíkurhr.	2.865	4.600
Höfðadalur	Tálknafirði	11.245	
Höfði	Dýrafirði	24.610	1.200
Ketilseyri	Dýrafirði	16.075	
Kollafjarðarnes	Hól mavíkurhr.	1.655	6.600
Kvigindisfell	Tálknafirði	21.265	3.668
Lambadalur	Dýrafirði	7.390	
Litli Laugadalur	Tálknafirði	10.250	360
Mávatún	Reykholasveit	4.995	3.040
Miðjanes	Reykholasveit	5.105	
Mýratunga II	Reykholasveit	4.000	1.800
Seftjörn	Barðaströnd	14.885	1.400
Skálanes	Reykholasveit	10.050	
Tröð	Önundarfirði	12.810	
Sæból	Ingjaldssandur	475	
Neðri Hjarð.dal.	Dýrafirði	1.015	
Bakki	Bjarnarfirði	9.255	2.000
Svanshóll	Bjarnarfirði	8.595	6.600
Heydalur	Mjóafirði	9.015	
Bær	Reykholasveit.	4.980	
	Ýmsar jarðir	2.525	1.200
	Samtals:	249.020	43.428

Í töflu II koma fram nokkrar jarðir sem ekki eru samningsbundnar, en það er í samræmi við stefnu skjólaskóga að lofa mönnum að “mæla sig við” verkefnið með því að gróðursetja nokkuð af trjáplöntum og átta sig þá betur á umfangi verksins og öðrum þáttum sem lúta að því að sýsla með plöntur.

Fjórar jarðir eru þó með verulegan fjölda plantna án samnings, en þar var einfaldlega verið að fresta samningsgerð og þar með kostnaði vegna girðinga, en þessar jarðir hafa þegar friðað svæði og samningur er tilbúinn til undirritunnar strax á nýju fjárhagsári.

Græðlingar eru bæði í beltum sem voru undirbúin árið áður (21 km.) og íbætur í eldri beltum.

Tíðarfar var hagstætt græðlingum og er víðast hvar mjög góð útkoma, bæði lifun og vöxtur. Þó þarf að bæta 10 - 20% í flestum skjólbeltum, bæði vegna eðlilegra affalla og áganga gæsa.

Miklir þurrkar snemmsumars eftir snjóléttan vetur, gerðu hins vegar bæði plöntum og plöntunarfólki erfitt fyrir. Þetta var sérstaklega erfitt á þurrum stöðum en rakklandisjarðvegur hitnaði á hinn bóginn fyrir í svona tíðarfari og yfirleitt var útkoma á plöntun í frjósamt og rakkland með ágætum.

Nokkur tilfelli komu upp þar sem ekki var nógu vel staðið að plöntun og hefur nú verið ákveðið að herða róðurinn fyrir auknum gæðum vinnunnar. Mest voru afföll vegna þess að áburður var settur í holurnar með plöntunum en tilbúinn áburður við rötarkerfi plantna, virkar eins og salt, dregur alla vætu úr plöntunum og drepur þær þar með. Þetta var sérlega bagalegt vegna þurrkanna og afföll af þessum sökum langt umfram það sem ásætlanlegt getur talist.

Allmikil og erfið vinna hefur fylgt hand flekkjun á undanförunum árum en árið 2001 var tekin í notkun svokölluð “kulla” sem notuð er aftan á dráttarvél, og rífur hún upp torfur í kjölfar sitt. Yfirleitt þarf þó að handkulla eitthvað á annars véltækum svæðum enda mynda för kullunnar reglulegar raðir sem við reynum að forðast að verði áberandi í landinu.

Baráttan við grasið heldur áfram. Í einstaka tilfellum er plantað í aflögð, frjósöm tún og þó að vöxtur skógarplantna sé með ágætum, er grasið þó harðara af sér og brögð að því að það leggist yfir plönturnar í kullunarholunum og kæfi þær. Á næsta ári verða gerðar tilraunir með illgresiseyðingu og haldið áfram að þróa aðferðir við undirbúning til að minnka þetta vandamál.


Flestir bændur plöntuðu sjálfir, en þó voru 3 hópar verktaka að störfum í júní og aftur í ágúst. Nokkur brögð eru að því að menn ætli sér um of og sitji síðan uppi með óunnin verk þegar líða tekur á sumarið.

Hér fyrir neðan er tafla og kökurit sem sýnir fjölda plantna eftir tegundum og hlutföll tegunda

Tafla III. Tegundaskipting.

tegund	fjöldi	hlutfall
Sitkagreni	28.635	11,5%
Birki	139.460	56,0%
Rússalerki	33.080	13,3%
Blágreni	5.070	2,0%
Hvítgreni	1.240	0,5%
Stafafura	4.920	2,0%
Bergfura	2.760	1,1%
Loðvíðir	2.520	1,0%
Brekkuvíðir	2.030	0,8%
Gulvíðir	2.030	0,8%
Heggstaðavíðir	2.075	0,8%
Alaskavíðir	15.120	6,1%
Alaska ösp	10.080	4,0%
Samtals:	249.020	

Kökurit IV, Hlutfall trjátegunda



Á árinu var í fyrsta sinn verið að gróðursetja það sem kalla má heima kvæmi að birki, reynivið og smávegis af sitkagreni.

Birkið (5.000 pl.) er af fræi sem safnað var víða á kjálkanum ma. í 250 m. h.y.s. ofan Lækjaróss í Dýrafirði, og sáð í gróðrarstöðinni Moshlíð á Barðaströnd.

Tilgangurinn með því að nota heimakvæmi af birki er ekki sá að þar sé að finna “betri” efnivið, en þar sem það á við til dæmis þar sem verið er að hanna efri mörk skógræktarsvæða og einkum þó þar sem verið er að endurheimta birkiskóg eða birkikjarr er sjálfsagt að nota þetta efni. Nú er einnig að mestu leyti verið að nota heimaefni af gulvíði og loðvíði.

Reyniviðurinn (1.085 pl.) var vefjaræktaður á RALA og voru móðurtrén í Mjóafirði við Djúp og Trostansfirði. Með þessari aðferð má með skjótum (en dýrum) hætti fjölga mikið vænlegum einstaklingum sem geta þá sem best orðið fræ uppspretta framtíðarinnar. Miklu var safnað af reynifræjum í haust og er einn framleiðandi (á Ósi við Steingrímsfjörð) að sérhæfa sig í ræktun þeirra en yfirleitt er hann heldur erfiður í

framleiðslu og hingað til hefur reynst erfitt að útvega reyniplöntur í þeim mæli sem þörf er á.

Sitkagrenið (560 pl.) er af fræi sem þroskaðist á 50 ára gömlum trjám í húsagarði skrifstofu Skjólaskóga á Þingeyri og fór ræktun fram í gróðrarstöðinni Kvistum í Biskupstungum. Þetta var frekar til gamans gert, en er þó í samræmi við kenningar um að skilyrði á vaxtarstað forriti blómgunartíma afkvæma og samkvæmt því er hér von á betur aðlöguðum plöntum. Rækilega verður fylgst með framvindu þessara plantna.

Tafla IV. framleiðendur skóarplantna

Gróðrarstöð	Fjöldi stk.
Kvistar í Biskupstungum	145.435
Moshlíð á Barðaströnd	84.500
Birkihvammur í Tálknafirði	18.000
Aðrir framleiðendur	1.085
Samtals:	249.020

Plöntur ætlaðar skógarbændum eru framleiddar samkvæmt stöðlum og teknar út af fagmanni áður en að af kaupum verður.

Framleiðendur þurfa einnig að vera með í sinni þjónustu faglærðan aðila til að af viðskiptum verði.

Það er afar þýðingarmikið að aðilar hér vestra skulu hafa tekið svo vel við sér sem raun ber vitni, enda mun annars stór hluti fjárframlaga til Skjólaskóga að renna á önnur landsvæði. Ekki stendur þó til að veita nokkurn afslátt á gæðakröfur eða aðra skilmála gagnvart heima aðilum.

Skjólaskógar hafa rekið töluverðan áróður fyrir þessu, ekki bara af ofangreindum ástæðum heldur einnig faglegum. Skjólaskógar leggja áherslu á að nota þann efnivið sem á Vestfjörðum er að finna sé á annað borð verið að nota innlendar tegundir, enda er hann örugglega aðlagður aðstæðum.

Hitt ber svo að hafa í huga að samkvæmt lögum um innkaup ríkisstofnana ber að gera samninga um plöntukaup á grundvelli útboða ef upphæð er yfir ákveðnum mörkum, og setur það bæði Skjólaskógum og framleiðendum ákveðnar skorður.

Plöntulagerar.

Skjólaskógar þurfa að varðveita plöntur sem koma inn á svæðið um langan veg í sérstökum plöntulagerum þar sem plöntunum sinnt. Þessir staðir eru: Fell í Dýrafirði, Svanshólli í Bjarnarfirði og Tálknafjörður. Bændur fá greitt fyrir flutning plantna frá þessum stöðvum á sína jörð, en þetta fyrirkomulag á að tryggja að meðferð plantna sé sem best á meðan þær bíða gróðursetningar.

Kostnaður: (Sjá ársreikning aftast í hefti)

Kostnaður við framkvæmdir, (þ.e. sá kostnaður sem færast á launamiða til býlis) var alls kr. 13.212.309 kr. Þar af eru framlög vegna girðinga 2.393.877 kr. eða 18 %.

Girðingakostnaður er mjög hátt hlutfall á fyrstu árum verkefnisins þar sem allt stofn framlag viðkomandi jarðar er gert upp á þrem árum þótt framkvæmdir á viðkomandi svæðum taki venjulega 10 ár.

Þessar tölur sína fjarri því allan beinan kostnað við framkvæmdina sjálfa, því hvorki koma þar fram liðir eins og loftmyndir, útboðskostnaður, verk kennsla eða kostnaður við plöntur sem ekki fara á samningsjarðir.

Framlög til jarða fara á næstu árum hratt upp á við sem hlutfalla af heildarkosnaði, en eðli málsins samkvæmt eru ákveðnar upphæðir bundnar í föstum kostnaði svo sem vegna starfsmannahalds og reksturs skrifstofu.

Stærð verkefnisins á árunum 2001 og 2002 er afar óheppilegt með tilliti til fasts kostnaðar þar sem takmarkað er hve hægt er starfrækja það með fáum starfsmönnum

og ekki sjálfgefið að hlutastarfs menn séu auðfengnir, en þetta stendur nú mjög til bóta þar sem fastlega er gert ráð fyrir auknum framlögum til Skjólaskóga næstu 5 ár, 4-5 milljónir árlega.

Starfsmenn og ferðir.

Á árinu störfuð 4 menn hjá Skjólaskógum, þar af 2 í fullu starfi, alls 3,1 ársverk. Starfsmenn Skjólaskóga eru:

Arnín Óladóttir. Skógfræðingur, Bakka í Bjarnarfirði

Starf: Ábyrgð á gerð skógræktaráætlana, rannsóknir, úttektir og fræðsla.

Starfsstöð: Bakki Bjarnarfirði og Þingeyri. Starfshlutfall 67 %

Hallfríður M. Sigurðardóttir. Hólmavík.

Starf: Svæðisstjóri suður / austur, verkstjórn, áætlanir.

Starfsstöð: Svanshóll / Hólmavík. Starfshlutfall 43 %

Kristján Jónsson. BSc. í búvísindum, Ísafirði

Starf: Svæðisstjóri norður / vestur, verkstjórn, kortagerð, áætlanir, rannsóknir.

Starfsstöð: Þingeyri. Starfshlutfall 100 %

Sæmundur Kr. Þorvaldsson. Lyngholti, Dýrafirði.

Starf: Framkvæmdastjóri.

Starfsstöð: Þingeyri. Starfshlutfall 100 %

Akstur og ferðalög eru ærinn hluti starfs Skjólaskóga enda eru jarðir heimsóttar eftir því sem við er komið.

Tafla V. Akstur og dvöl starfsmanna utan starfsstöðvar 2001 og 2002.

Akstur:	2001	2002	Dagpeningar, allir starfsm.	2001	2002
Skógfræðingur	8.180	6.635	Heill dagur: fæði og gisting	70	70
Svæðisstjóri Norður / vestur	1.829	1.888	Gisting 1 nótt:	13	9
Svæðisstjóri Suður / Austur	8.209	4.791	Fæði á ferðalagi yfir 8 klst:	41	49
Framkvæmdastjóri	1.049	0	Fæði á ferðalagi yfir 6 klst:	24	22
Hálandahöfðingi (LandRover)	24.250	27.515	Dagar eða dagpartar	148	150
Samt. km.	43.517	40.829	Vinnudagar alls á árinu	661	661
Km./mán.	3.626	3.402	Vinnudagar utan starfst. %.	22%	23%

Fræðslumál:

Sem fyrr er lögð mikil áhersla á verkkenndu og fræðslumál í starfsemi verkefnisins enda er almenn þekking og reynsla á þessu sviði tiltölulega skammt á veg komin á Vestfjörðum auk þess sem nýja þekkingu þarf stöðugt að kynna til sögunnar.

Grunnámsskeið.

Tvö hefðbundin grunnámsskeið fyrir nýja þátttakendur voru haldin um mánaðarmótin apríl/maí á Laugahóli í Bjarnarfirði og Núpi í Dýrafirði. Alls sóttu 20 manns þessi námskeið. Einnig var stutt námskeið í Bjarnarfirði fyrir verktaka í gróðursetningu.

Annað.

Þann 9. okt hélt Arnín erindi um "Verndun náttúru- og menningarminja í skógrækt" á skógræktarnámsskeiði hjá Vesturlandsskógum á Hvanneyri.

Fjarnámskeið.

Skógarbændum stóð til boða að sækja 4 fyrirlestra í fjarfundabúnaði á Ísafirði, Patreksfirði, Reykhólum og Hólmavík. Þetta voru 1½ klst. fyrirlestrar á byggðabru Byggðastofnunnar sem LHV stóðu sameiginlega að. Tveir þessara fyrirlestra voru á hendi starfsamanna Skjólaskóga, annar undir nafninu “*Búskaparskógrækt*” (AÓ/Kr.J) og hinn undir nafninu “*Plantað upp í vindinn*”(AÓ/SÞ). Alls sóttu 81 manns þessa fyrirlestra, þar af 24 hér vestra. Aðrir fyrirlestrar voru: frá Suðurlandsskógum “*Skjólbelti*”, og frá Skógræktarfélagi Íslands “*Trjágróður og náttúrufar í Alaska*”.

Þessi fundatækni er óðum að þróast fram á við og menn eru að ná betri tókum á framsetningu efnis, en enn vantar nokkuð upp á að hægt sé að opna stöðvar nógu víða í okkar strjálbýla héraði. Í einu tilfelli tókst ekki að ná sambandi við Reykhóla þar sem 3 skógarbændur höfðu ætlað sér að mæta.

Skógarhögg:

Til að fara að búa skógarbændur undir framtíðina var ráðist í að senda Ásvald Magnússon bónda í Tröð á tveggja vikna námskeið í skógarhöggi og grisjun á Hallormsstað. Gert er ráð fyrir að senda fleiri á þesskonar námskeið á næsta ári og næst þá vonandi saman vinnuflokkur sem getur tekið að sér grisjunarverkefni á svæðinu í stað þess að fá flokka annars staðar frá, en margir af gömlum skógarreitum þarfnast orðið heimsóknar fagfólks af þessu tagi.

Útgáfa.**Fréttabréf.**

Félag skógarbænda á Vestfjörðum heldur úti fréttabréfi um sína starfsemi, og gegn fjárstuðningi nýta Skjólaskógar sér þann vettvang til að koma upplýsingum áleiðis. Á árinu voru send út 3 fréttabréf.

Geisladiskur.

Á árinu var gefinn út geisladiskur með þýddum greinum Dr. Alexanders Robertsonar skógfræðings í St. John á Nýfundnalandi um áhrif vinda á trjágróður / trjágróðurs á vinda “*Vindar og Tré*” Þetta efni varð til í samstarfi við starfsmenn Skjólaskóga eftir heimsókn hans í júní 2001, þar sem svo heppilega vildi til að hann gat flutt fyrirlestur á aðalfundi Félags skógarbænda á Vestfjörðum í Birkimel.

Efni disksins snaraði Magnús Rafnsson á Bakka í Bjarnarfirði yfir á íslensku, en auk texta er mikið af skýringamyndum á disknum. Disknum var dreift til allra samningsjarða og er fánlegur á skrifstofu Skjólaskóga.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn í Bjarkarlundi um Jónsmessu og rann hann inn í Jónsmessuhátíð Reykhólanna um kvöldið.

Aðalfundur (LSE) Landsamtaka skógareigenda var að þessu sinni haldinn á Núpi í Dýrafirði og sótti hann fjöldi skógarbænda af öllu landinu

Samstarf við félög skógarbænda er afar þýðingarmikið fyrir framgang verkefnisins enda eru skógarbændur upphaf og endir verkefnanna.

Ráðstefnur / fræðsla / fundir og endurmenntun starfsmanna.

Ekki er í gangi sérstök áætlun um endurmenntun starfsmanna en þeir sóttu ýmis námskeið, ráðstefnur og fundi á árinu sem nýtast vel í viðhaldi þekkingar.

Fundir:

Sæmundur Kr. Þorvaldsson:

- 15. jan. Fundur á Hvanneyri um samvinnu ráðgjafastofnana í landbúnaði
- 1. feb. Samráðsfundur framkvæmdastóra LHV, og fundur með landbúnaðarráðherra (frkv.stj. og stjórnarformaður.)
- 6.maí. . Samráðsfundur framkvæmdastóra LHV, og fundur með landbúnaðarráðherra
- 17. ágúst. Fundur framkvæmdastjóra LHV á Vilmundarst., aðalf. SKFÍ Reykholti
- 16. okt. Fundur með stjórn Bændasamtaka og samráðsfundur framkv.stjóra LHV
- 23. okt. Fundur með stjórn LSE og fjármálaráðherra
- 5. nóv. Fundur með Fjárlaganefnd..

Arnín Óladóttir:

- 15. jan. Fundur á Hvanneyri um samvinnu ráðgjafastofnana í landbúnaði. Einnig var þar kynnt verkefnið Betra bú.
- 17. - 18. ág. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands.

Ráðstefnur:

- 5-7 feb. Ráðunautafundur BÍ, RALA og LBH. Kristján Jónsson
- 20.-22. febrúar. Ráðstefna á Egilsstöðum “*Skógrækt, náttúruvernd og landgræðsla*” Arnín, Sæmundur og Kristján.
- 12.-19.sept. Ráðstefna í Ennis á Írlandi “*Afforestation in the Context of Sustainable Forest Management*” (Nýskógrækt á grundvelli sjálbærrar þróunar) Kristján Jónsson.
- Apríl og nóvember – Arnín: COST verkefni E-25 (*Forestry and landscape research*). Fundir í Evrópuverkefni um skógrækt í landslagi. Þar er litið á alla þætti þess hvernig skógrækt og önnur landnýting fara saman - félagsfræði, hagfræði, vistfræði, efnafræði, landslagsmótun, o.fl. Arnín starfaði í 1. vinnuhóp sem starfaði 2001 og 2002, en hefur nú lokið störfum. Markmið vinnunnar var að greina þekkingu sem liggur fyrir í Evrópu á þessu sviði og þar með hvar rannsókna er þörf. Einnig var safnað upplýsingum um líkleg rannsóknarsvæði. Nú tekur við vinna 2. vinnuhóps þar sem Hrefna Jóhannesdóttir verður fulltrúi Íslands og sem mun skipuleggja rannsóknir og velja rannsóknarsvæði. Bæklingur um verkefnið liggur frammi á skrifstofu Skjólaskóga og einnig eru upplýsingar á vefsíðu verkefnisins: <http://iffb.boku.ac.at/enfors>.

Námskeið:

- Grænni skógar, 2 námskeið af 7 í röð (Norðurlandsskógar). Hallfríður Sigurðardóttir.
- 5.-6. maí. Námsdagar Landgræðslunnar /Bændur græða landið. Kristján og Hallfríður.
- Fjarnám í Access gagnagrunni, 1 námskeið. Sæmundur og Kristján.

Skoðunarferðir:

- 2.-3 júlí. Vaglaskógur og nágrenni. Starfsmenn LHV. hittast árlega og bera saman bækur sínar. Þema skoðunarferða voru tilraunir við grisjun náttúrulegra birkiskóga og saga blæspar á Íslandi. Allir starfsmenn.

Samstarf við stofnanir:

Eðli málsins samkvæmt er mikið samstarf milli Skjólaskóga og annara landshlutabundinna skógræktarverkefna. Fram hefur komið að haldnir eru reglulegir fundir framkvæmdastjóra, og eins eru fundir fagaðila hvers á sínu sviði.

Samstarf við Skógrækt ríkisins snertir helst vinnu við gerð “*sérstaks svæðisskipulags*” vegna skógræktar sem vonandi lítur dagsins ljós á næsta ári.

Einnig er töluverð samvinna við rannsóknarstöð SR á Mógilsá, og þá aðila sem nú eru að smíða kerfi til að halda tölfræðilega utan um skógrækt á vegum LHV, og kolefnisbókhald vegna Kyoto bókunar loftslags sáttmála Sameinuðþjóðanna.

Landgræðsla ríkisins:

Á árinu leitaði Landgræðsla ríkisins eftir samstarfi við Skjólaskóga um umsjón með verkefninu *Bændur græða landið* á Vestfjörðum. Úr varð að Skjólaskógar sjá um þetta verk sem e.k. verktaki og svæðisstjórar vinna það undir stjórn og umsjón Landgræðslunnar.

Þetta samstarf gefur góða raun enda “smell passar” verkefnið inn í beitar- og landnýtingarumræðu sem er fyrirferðarmikið efnið í samstarfi bænda og Skjólaskóga. Gert er ráð fyrir enn frekara samstarfi við Landgræðsluna á næsta ári.

Heimsóknir fagaðila:

23.-25. júní. Herdís Friðriksdóttir, skógræktarráðunautur á Vestfjörðum í kynnisferð.

17. - 18. júlí. Hrefna Jóhannesdóttir, sérfræðingur í plöntuuppeldi á Mógilsá. Farið yfir plöntumeðferð í geymslu og gróðrarstöðin á Seftjörn heimsótt.

18.-22. ágúst. Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri. Starfsmenn ferðuðust um Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur og nutu fræðslu Sigurðar og skiptust á skoðunum við þennan stálminnuga fróðleiksbrunn. Sigurður hefur nú sent frá sér ýtarlega frásögn af þessari ferð, auk þess er von er á greinum frá honum í næstu tölublöð Skógræktarritsins þar sem m.a. verður sýnd framvinda vaxtar á myndrænan hátt, síðustu 20 árin.

Rannsóknir:

Beinar rannsóknir hafa ekki verið stundaðar á vegum Skjólaskóga en á árunum 2000-1 lögðu Skjólaskógar fram fjármagn samtals 2 milljónir kr. til að ljúka *Landsúttekt á skógræktarskilyrðum – Vestfjarðahluta*” Rit Mógilsár nr. 7/2001.

Úttekt hófst á árangri gróðursetninga. Farið var yfir gróðursetningar frá 1998 og 1999 á veðursömu holti í Tröð í Önundarfirði. Niðurstöður eftir svona stuttan tíma verður að líta á sem vísbendingar fremur en leiðarvísi til framtíðar. Áburður var ekki settur nema með hluta plantnanna og sér þess merki í litlum og ljósleitum laufum á snauðum svæðum. Afföll hafa verið talsverð af þessum sökum, sérstaklega fyrsta árið. Vöxtur er með ágætum, en talsvert er um toppkal sem jafnvel hefur endurtekið sig árlega..

Margþættar vísbendingar koma fram í þessari fyrstu úttekt Skjólaskóga. *Áburður skiptir miklu máli við plöntun, birki þolir best endurtekið toppkal, alaskaviðir getur ekki myndað skjólaskerm á berangursholtum nema með endurtekinni áburðargjöf, jarðvinnsla er nauðsynleg í frjósömu graslendi, flekkjun mosa er úrslitaatriði fyrir lifun og vöxt á svona svæði, við plöntun þarf að blanda tegundum í bakka fremur en að planta hverri tegund um sig.* Skýrsluna um þessa úttekt má nálgast á skrifstofu Skjólaskóga.

Á þessu ári voru undirbúin tvö rannsóknarverkefni sem beinast að því að skilja útbreiðslu og vaxtarlag birkiskóga. Annars vegar er um að ræða samstarfsverkefni við Skógrækt ríkisins og ábúanda á Krossi, Barðaströnd. Þar er hugmyndin að girða af hávaxinn birkiskóg sem er orðinn gamall og að falli kominn. Mikið er af reyni í skóginum. Fylgst verður með þróun undirgróðurs og trjágróðurs, sjálfsáningu og

vexti. Herdís Friðriksdóttir, ráðunautur S.r. og Arnlín hafa skoðað skóginn, skráð tegundalista undirgróðurs og ástand skógarins.

Hins vegar er um að ræða samstarf við eigendur Heydals í Mjóafirði í Djúpi undir vinnuheitinu *Getur kjarr orðið skógur?* Farið verður í lágvaxið kjarr og sett upp tilraun með fjölda liða s.s. áburðargjöf, klippingu, rjóðurfellingu, plöntun af heimabirki og fleira í þeim tilgangi að auka skilning á ástandi og möguleikum sem búa í vestfirskum birkiskógum. Gerð hefur verið úttekt á kjarrinu, vaxarlagi og vaxtargetu til undirbúnings á verkefninu.

Bæði þessi verkefni eru enn á undirbúningsstigi og ekki vitað hversu langt verður hægt að komast með þau á árinu 2003.

Stjórn Skjólaskóga:

Stjórn Skjólaskóga er ráðherraskipuð að fengnum tilnefningum nokkurra aðila:

Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður. Formaður stjórnar.

Formaður er skipaður án tilnefningar,

Sighvatur Jón Þórarinnsson bóni á Höfða í Dýrafirði.

Tilnefndur af Félagi skógarbænda á vestfjörðum.

Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður rannsóknarstöðvar SR. á Mógilsá.

Tilnefndur af Skógrækt ríkisins.

Eiður Thoroddsen rekstrarstjóri á Patreksfirði.

Tilnefndur af skógræktarfélagum á Vestfjörðum.

Stjórn hélt 3 stjórnarfundum á árinu; 30. apríl, 2. september og 28. nóvember.